

**603. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 13. desember 2022
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 603 lögmætan.

Dagskrá:

1. Gjaldskrár 2023 - 2212665

Lagðar eru fram tillögur að eftirfarandi gjaldskrár fyrir árið 2023:

- *Sorpjöld Tálknafjarðarhrepps.
- *Hafnarsjóður Tálknafjarðarhrepps.
- *Gjaldskrá fasteignagjalda.
- *Gjaldskrá Tálknafjarðarskóla.
- *Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar.
- *Gjaldskrá Félagsþjónustu

Eftir umræður var samþykkt samhljóða að vísa gjaldskránum til afgreiðslu á síðari reglubundna fundi sveitarstjórnar í desember 2023.

2. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Síðari umræða um fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2023-2026.

Í fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2023 og þriggja ára áætlun áráanna 2024-2026 er gert ráð fyrir því að standa vörð um þá góðu þjónustu sem sveitarfélagið veitir íbúum sínum en jafnframt gert ráð fyrir að áfram verði haldið með nauðsynlegar framkvæmdir. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2023-2026 var unnið út frá ýmsum forsendum, svo sem hagspám, áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um útsvarstekjur, fasteignamati og áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í forsendum fjárhagsáætlunar er álagningarhlutfall útsvars óbreytt frá fyrri árum, eða 14,52% og álagningarhlutfall fasteignagjalda er að mestu óbreytt frá fyrra ári. Ýmsir rekstrarliðir sem ráðast af ytri þáttum eru hækkaðir til samræmis við spár um verðlagsbreytingar. Í þjónustugjaldskrár er gert ráð fyrir hækkun sem nemur 5,2% á flestum liðum.

Með breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2021, þurfa sveitarfélög nú að færa í samantekin reikningsskil sín, sem og fjárhagsáætlanir, hlutdeild sína í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félögum með ótakmarkaðri ábyrgð. Í tilviki Tálknafjarðarhrepps á þetta við um eftirtalin samrekstrarverkefni:

- *Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.
- *Fjórðungssamband Vestfirðinga.

*Náttúrustofa Vestfjarða.

Áætlanir framangreindra rekstrareininga fyrir árin 2023 til 2026 um rekstur, efnahag og sjóðsstreymi liggja ekki fyrir og því hafa áhrif þeirra ekki verið verið færð í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Þegar samþykktar fjárhagsáætlanir framangreindra rekstrareininga liggja fyrir á viðeigandi formi er fyrirhugað að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2023 til 2026.

Í rekstraráætlun A og B hluta eru heildartekjur áætlaðar 436,8 mkr. og framlegð rekstrar fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um 2,8 mkr. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða neikvæð, þannig að rekstrarhalli samstæðu A og B hluta er áætlaður 63,1 mkr. Gert er ráð fyrir því að fjárþörf verði mætt með því að ganga á handbært fé og með langtíma lántöku. Þá ber að geta þess að Alþingi hefur samþykkt að vikja fjármálareglum sveitarfélaga til hliðar til og með ársins 2025, en gert er ráð fyrir að þær taki á ný gildi árið 2026. Það er upplýst ákvörðun sveitarstjórnar að að halda áfram með nauðsynlegar framkvæmdir í Tálknafjarðarhreppi og þannig auka skuldsetningu frekar en að fara inn í sameiningarviðræður á næstu árum með mikla framkvæmdaþörf.

Fjárhagsáætlun 2023-2026 er samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108058

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022 nr. 3, 4 og 5 lagðir fram til samþykktar.

Framlagðir viðaukar nr. 3, 4 og 5 eru samþykktir samhljóða.

4. Frístundafulltrúi - 2212664

Mál frá 66. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 01.12.2022 þar sem kemur fram sú afstaða að rétt sé að ráða í 100% starf frístundafulltrúa sem starfar fyrir bæði sveitarfélögin. Skipting vinnuframlags og kostnaðar milli sveitarfélaga verði í samræmi við það sem er í öðrum samstarfsverkefnum hjá þeim, þ.e 75% hjá Vesturbyggð og 25% hjá Tálknafjarðarhreppi. Ráðningarsamband verði við Vesturbyggð og næsti yfirmaður verði sviðstjóri fjölskyldusviðs.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða afstöðu samráðsnefndar varðandi starf frístundafulltrúa og vísar málinu til kynningar í iþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd.

5. Tilnefning í Vatnasvæðanefnd - 2211528

Mál frá 602. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 22.11.2022 og 66. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 01.12.2022 í samræmi við erindi frá Umhverfisstofnun dags. 01.11.2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps þess efnis að Vesturbyggð tilnefni Þórkötu S. Ólafsdóttur sem aðalman í vatnasvæðanefnd og Tálknafjarðarhreppur tilnefni Ólaf Þór Ólafsson sem varamann hennar.

6. Erindisbréf velferðarráðs - 2212667

Mál frá 41. fundi velferðarráðs Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 01.09.2022 varðandi uppfært erindisbréf velferðarráðs.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

7. Síðari fundur sveitarstjórnar í desember 2022 - 2212666

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 09.12.2022 þar sem lagt er til að síðari reglubundni fundur sveitarstjórnar í desember 2022 samkvæmt 8. gr. Samþykktu um stjórn Tálknafjarðarhrepps færist og fari fram þriðjudaginn 20. desember 2022 og hefjist kl. 17:00.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að síðari reglubundni fundur sveitarstjórnar í desember 2022 fari fram þriðjudaginn 20. desember 2022.

8. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026 - 2212650

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026.

Lagt fram.

9. Breytingar í barnaverndarþjónustu sveitarfélaga - 2212653

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 05.12.2022 vegna breytinga á barnaverndarþjónustu sveitarfélaga ásamt minnisblaði um sama efni dags. 18.11.2022.

Lagt fram.

10. Umdæmisráð barnaverndar - 2208091

Erindi frá Velferðarsviði Akureyrarbæjar dags. 05.12.2022 ásamt fylgigögnum vegna umdæmisráðs landsbyggða vegna barnaverndar.

Lagt fram.

11. Aðalfundur Hvetjanda hf. 2002 - 2212659

Erindi frá stjórn Hvetjanda hf. dags. 03.12.2022 þar sem boðað er til aðalfundar sem fer fram 19.12.2022.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Tálknafjarðarhrepps á aðalfundi Hvetjanda.

12. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021

Upplýsingagjöf rædd.

13. Fundargerðir 2020-2022 Velferðarráð - 2006296

Fundargerð 41. fundar velferðarráðs Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 01.09.2022.

Lagt fram.

14. Fundargerðir 2022 samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2202128

Fundargerð 66. fundar samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 01.09.2022.

Lagt fram.

15. Verkfundir vegna sorpsamnings - 2207047

Fundargerð 5. verkfundar vegna samnings um sorphirðu sem fór fram 08.12.2022.

Lagt fram.

16. Fundargerðir Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2202125

Fundargerð stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða sem fór fram 25.11.2022.

Lagt fram.

17. Fundargerðir Hafnasambands Íslands - 2202145

Fundargerð 447. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 18.11.2022.

Lagt fram.

18. Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2202142

Fundargerð 915. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 25.11.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:35..

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)